

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Flóahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Flóahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

*Deiliskipulagsbreyting, Efri-Sýrlækur, L166327, frístundasvæði.*

Um er að ræða deiliskipulagsbreytingu sem tekur til frístundasvæðis í landi Efri-Sýrlækjar, L166327. Í breytingunni felst að deiliskipulagssvæðið er minnkað, leyfilegum byggingum fækkað auk þess sem afmarkaðar eru tvær lóðir, Efri-Sýrlækur 4 og Efri-Sýrlækur 5.

Samþykkt í sveitarstjórn 1. október 2024.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Laugarvatni, 19. nóvember 2024.*

Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita bs.,

**Vigfús Þór Hróbjartsson.**

B-deild – Útgáfudagur: 3. desember 2024